

**Ed.**

**489. Nefndarálit**

[148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og átt viðræður við þá embættismenn, sem undirbúið hafa málið. Er nefndin sammála um að bera fram nokkrar breytingartillögur, og eru þær brtt. á sérstöku þskj., en auk þess viljum við, fulltrúar framsóknarmanna í fjárhagsnefnd, gera á frv. talsverðar breytingar, aðallega í þá átt að lækka tolla á vélum og tækjum til atvinnuveganna og á heimilistækjum.

Í tollskrá þeirri, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, var fólgin gagnger formbreyting, en engar verulegar breytingar á heildarfjárhæð tolla að öðru leyti en því, að bráðabirgðasöluskattur í innflutningi var felldur inn í hinn nýja verðtoll og þannig gerður varanlegur. Tollar voru jafnaðir, þannig að þeir hæstu voru lækkaðir og ýmsir lægri tollar hækkaðir á móti. Nýja tollskráin hafði þannig síður en svo áhrif í þá átt að draga úr heildartollheimtunni, sem hefur farið ört hækkandi í tíð núverandi ríkisstjórnar, eins og sjá má af því, að aðflutningsgjöld hafa verið áætluð í þeim fjárlögum, sem sett hafa verið á þessu tímabili, sem hér segir:

Í fjárlögum fyrir 1960 .....	677 millj. kr.
— — — 1961 .....	814 — —
— — — 1962 .....	914 — —
— — — 1963 .....	1190 — —
— — — 1964 .....	1337 — —

Við þetta bætist svo söluskatturinn alræmði, en á þessu ári er áætlað, að hann nemi 623 millj. kr. (þar af 552 millj. til ríkissjóðs), og fjölmargir aðrir skattar og gjöld. Er heildarskattheimta ríkissjóðs nú orðin yfir 3000 millj. kr. á ári, og eiga þessar gifurlegu álögur drjúgan þátt í því dýrtiðarflóði, sem er að setja allt efnahagslíf þjóðarinnar úr skorðum.

Háar tollagreiðslur af vélum og tækjum útflutningsatvinnuveganna rýra stórlega samkeppnisgetu þeirra, enda munum við Íslendingar vera einir um það meðal þjóða að leggja slíkar byrðar á útflutningsframleiðsluna. Einstöku sinnum bregður þó fyrir eins og óvart skilningi á þessu vandamáli. Þannig er t. d. gert ráð fyrir að heimila ríkisstjórninni að semja um að gefa eftir tolla af vélum til kísilgúrverksmiðjunnar, en í grg. með frumvarpi um hana segir m. a.:

„Athugun hefur leitt í ljós, að miðað við núgildandi reglur mundu aðflutningsgjöld af innfluttum vörum til byggingar kísilgúrverksmiðju að líkindum hækka heildarbyggingarkostnað verksmiðjunnar um 20% og t. d. nema nál. 41% af fobverði véla, en nál. 11% af heildarverði bygginga og um 26% af heildarverði flutningatækja og námavinnslutækja. Þótt tölur þessar séu áætlunartölur, má telja fullvist, að þær séu ekki fjarri sannri. Slík tollun vara til stofnsetningar iðjuvera til útflutningsiðnaðar mun naumast nokkurs staðar þekkjast utan Íslands og getur því ráðið úrslitum um samkeppnishæfni iðjuvers, sem reist er hér á landi til framleiðslu á vörum til útflutnings.“

Tímabært er að gera sér ljóst, að þessi sjónarmið eiga auðvitað viðar við en í sambandi við kísilgúrframleiðslu.

Sams konar áhrif hefur óhófleg tollheimta af byggingarefni og öðrum nauðsynjum til heimilisstofnunar. Hátt verðlag á þessu spennir upp almennan framfærslukostnað og á þátt í hinni óheillavænlegu dýrtiðarþróun.

Þetta tollskrárfv. felur ekki í sér neinar stefnubreytingar í sambandi við það, sem hér hefur verið talið, og raunar engar þær breytingar á tollalöggjöfinni, sem verulegu máli skipta fyrir verðlag í landinu. Í frv. eru fyrst og fremst fólgnarlagfæringar á þeim ágöllum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd nýju tollskrárinnar, og auk þess samræming á ýmsu ósamræmi í tollskránni. Þessar samræmingar eru flestar til lækkunar, en einnig sumar til hækkunar, og hvorugt skiptir máli, hvorki fyrir ríkissjóð né neytendur, því að breytingarnar eru smávægilegar og ná til mjög takmarkaðra vörflokka.

Hér er því fyrst og fremst um að ræða tæknilegar leiðréttingar, en enga stefnubreytingu í þá átt að minnka álögurnar né ráða bót á þeim alvarlegu ágöllum, sem eru á tollastefnunni og hér hefur að nokkru verið á bent.

Á þessu þykir okkur nauðsynlegt að leitast við að ráða nokkra bót með því að flytja allmargar breytingartillögur á sérstöku þskj. Þessar brtt. eru aðallega tvenns konar. Annars vegar leggjum við til, að vélar og tæki til framleiðsluatvinnuveganna lækki almennt í 4% toll, en nú eru þessar vörur yfirleitt í 35% tolli. Hins vegar leggjum við til, að rafknúin heimilistæki, sem nú eru í 80% tolli, lækki í 50% toll, en það er sama breyting og frv. gerir ráð fyrir að því er lýtur að varahlutum í þessi tæki. Virðist eðlilegt, að tækin sjálf og varahlutir til þeirra séu í sama tollflokki, en þessi tæki verður nú orðið að líta á sem nauðsynjavöru hvers heimilis.

Fátt hefur meiri áhrif á almennan framfærslukostnað í landinu en hár húsnæðiskostnaður. Í því skyni að draga úr þeim áhrifum, sem tollheimtan hefur til hækkunar byggingarkostnaði, leggjum við til, að ríkissjóður endurgreiði húsnæðisgjöldum aðflutningsgjöld, sem nema 110 kr. pr. rúmmetra í allt að 360 m<sup>3</sup> íbúð. Gert er ráð fyrir, að þetta nemi að meðaltali á íbúð um 35 000 kr. og sé nál. þrjú fjórðu hlutar tollgreiðslna af efni til íbúðarinnar.

Á þskj. 316 flytur Daniel Ágústínusson brtt., sem líta að því að heimila fjármálaráðuneytinu að fella niður tolla af hljóðfærum til notkunar í skólum og af kvikmyndasýningarvélum fyrir félagsheimili og skóla. Mælum við með samþykkt þeirra.

Ýmsar fleiri breytingar virðist okkur æskilegt að gera á tollskránni í lækkunar-  
átt, þó að við berum ekki fram tillögur um það að sinni, enda eru í þessu sambandi  
allmörg atriði, sem nefndin á eftir að taka afstöðu til og bíða 3. umr.

Að öðru leyti mælum við með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 22. apríl 1964.

Helgi Bergs,      Karl Kristjánsson.  
frsm.